

255. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 3. júlí 2014 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti þennan fyrsta fund bæjarráðs eftir kosningar og bauð fundarmenn, sér í lagi nýja bæjarráðsmenn, velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 8. lið bréf frá Lárentsínusi Kristjánssyni, dags. 27. júní 2014, varðandi vatnssamning. Var það samþykkt og svo gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Fundargerð stjórnarfundar SSV, dags. 10. júní 2014**
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Bréf frá SSV, dags. 19. júní 2014, varðandi áframhaldandi samstarf um Markaðsstofu Vesturlands.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að halda áfram með samstarf um rekstur visit-vefja sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og Markaðsstofu Vesturlands.
- 3) **Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga, dags. 27. júní 2014, varðandi ósk um umsögn sveitarstjórnar um umsókn Unnar Emanúelsdóttur um endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Félagsheimilisins Klifs í Ólafsvík.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir erindið fyrir sína hönd með þeim fyrirvara að umhverfis- og skipulagsnefnd og slökkviliðsstjóri Snæfellsbæjar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 4) **Umsókn Páls Ingólfssonar um leikskóladvöl Sigurbjargar Pálsdóttur utan lögheimilissveitarfélags.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta erindinu á meðan athugað er hvort umsóknin uppfylli skilyrði til niðurgreiðslu skv. reglum Snæfellsbæjar.
- 5) **Umsóknir um leyfi til hundahalds:**
 - a) **Erla Höskuldsdóttir sækir um leyfi fyrir Bangsa**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
 - b) **Kristgeir Kristinsson sækir um leyfi fyrir Óliver**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
 - c) **Harpa Finnsdóttir sækir um leyfi fyrir Erró**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
 - d) **Lára Hallveig Lárusdóttir sækir um leyfir fyrir Pjakk**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
 - e) **Halldór Sigurjónsson sækir um leyfi fyrir Simba**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 6) **Minnisblað til bæjarráðs, dags. 25. júní 2014, varðandi ráðningu í starf forstöðumanns tæknideildar Snæfellsbæjar.**
Bærarstjóri fór yfir ferlið, en bærarstjóri og oddvitar D- og J-lista lásu yfir og mátu þær umsóknir sem bárust og kölluðu í viðtal þá tvo aðila sem komu best út. Eftir að hafa skoðað umsóknir, talað við umsækjendur og metið gildi ákveðinna þátta, var ákveðið að mæla með því við bæjarráð að gengið verði til samninga við Lúðvík Ver Smáráson um starf forstöðumanns tæknideildar Snæfellsbæjar.
Bæjarráð samþykkti tillöguna samhljóða.

7) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 25. apríl 2014, varðandi ósk um aukið stöðugildi vegna barns á leikskólanum Krílakoti. Trúnaðarmál – bréfið lagt fram á fundinum.**

Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins og kalla leikskólastjóra til fundar við bæjarráð í september. Telur bæjarráð að nauðsynlegt sé að fá nánar útlistun á tilhögun þess starfs sem beðið er um áður en afstaða er tekin til erindisins.

8) **Bréf frá Lárentsínusi Kristjánssyni, dags. 27. júní 2014, varðandi vatnssamning.**

Bæjarráð er tilbúið til viðræðna við umbjóðendur Lárentsínusar varðandi þetta mál.

9) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

- a) Bæjarstjóri sagði frá fjölda barna á leikskólum Snæfellsbæjar yfir sumarmánuðina.
- b) Bæjarstjóri sagði frá því að sótt var um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50

Kristjana Hermannsdóttir

Björn H Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari